



## Fundargerð menningarmálanefndar 31. janúar 2019

Fundur menningarmálanefndar Vopnafjarðarhrepps

-31. janúar 2019

Fimmtudaginn 31. janúar 2019 kl. 16:00 kom menningarmálanefnd saman til fundar í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Jón Ragnar Helgason, Árný Birna Vatnsdal, Fanney Björk Friðriksdóttir, Hreiðar Geirsson og Dagný S. Sigurjónsdóttir er ritaði fundargerð.

Einnig mætt til fundar Hjördís Björk Hjartardóttir þjóðfræðinemi.

### Dagskrá:

**Skapandi sumarstörf – listasmiðjur.** Í upphafi fundar bauð formaður Hjördísi velkomna til fundar og bauð henni að kynna hugmyndir sínar um *skapandi sumarstörf* og *listasmiðjur* fyrir börn og unglinga á Vopnafirði. Bókað var hér að lútandi:

### Verkefni.

1. Drasl við verkstæði safnað saman og búa til úr því fígúrutífa skúlptúra – fyrir framan endurvinnsluna.
2. Bakarí, mögulega Kaupvangur/Kauptún, þar sem krakkarnir baka sjálfir og selja.
3. Kynningarmynd fyrir Vopnafjörð, t.d. sögumyndbönd. Krakkarnir kynna sér sögu Vopnafjarðar, t.d. „rölt um Vopnafjörð“ eða viðtöl við áhugavert fólk.

### Sérverkefni yfir allt sumarið:

#### Hópar:

1. Hljómsveit
2. Danshópar
3. Leikhópur
4. Leikjanámskeið

#### Einn:

1. Söngvari

2. „Youtube-ari“ / endurvinnslu diy-myndbönd t.d.
3. Listleikurinn (klára öll verkefni)

Aðrar uppbyggilegar hugmyndir:

- Bæjarvinnan – skólagarðar – Vopnfirðingar rækta sitt eigið grænmeti
- „Braggakaffi“ / Grandakaffi – Hádegiskaffihús í bragganum
  - Afgreiðslustörf
  - Bakarí
  - Kokka-/bakarí/matreiðslunemar? = bakarí / fiskiveitingastaður með staðbundnu hráefni

Nefndin tók hugmyndir Hjördísar til umræðu. Nefndarmenn almennt ánægðir með framkomnar hugmyndir sem eru vissulega misauðveldar í framkvæmd. Engu skal þó hafnað og mælt með að skoðað verði frekar.

**Vopnaskak.** Áframhaldandi umræða um Vopnaskak sem er að taka á sig skýrari mynd. Staða fjármála hin sama og bókað var í fundargerð á síðasta fundi þ. 10. janúar sl., enn hefur sveitarstjórn ekki svarað hversu mikið fjármagn hefur menningarmálanefnd yfir að ráða á árinu 2019.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:25.